

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2014
Tilvísun: UST20140600089/bs

Seljadalsnáma - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar efnistöku.

Ráðgert er að taka um 60.000 m³ af efni úr námunni á 18 mánaða tímabili. Efnistakan verður í framhaldi vinnslu sem þegar hefur farið fram á um 5 ha stóru svæði. Efni hefur þegar verið ýtt ofan af fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif þeirra efnistöku sem hér um ræðir séu sjónræn áhrif sem ráðast að miklu leyti af því hversu vel tekst til við frágang námunnar.

Ráðgert er að ganga frá öllu námusvæðinu að umræddri efnistöku lokinni.

Að mati Umhverfisstofnunar er lögð fram í matsskýrslu ítarleg og góð lýsing á því hvernig staðið verði að frágangi námunnar.

Niðurstaða: Hér er um framhald efnistöku að ræða á námusvæði þar sem efnistaka hefur farið fram um árabíl. Umhverfisáhrif efnistökkunnar ráðast af frágangi námunnar. Ef gengið verður frá námusvæðinu eins og fram kemur í efnistökuáætlun í matsskýrslu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur